

**Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps - 445. fundur Hreppsnefndar
Tálknafjarðarhrepps haldinn að Miðtúni 1, Tálknafirði, miðvikudaginn 12.
september 2012 og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir (EIS) Formaður, Birna Benediktsdóttir (BB) Aðalmaður, Ásgeir Jónsson (ÁJ) Aðalmaður, Björgvin Smári Haraldsson (BSH) Aðalmaður, Guðni Ólafsson (GÓ) 1. varamaður og Ása Jónsdóttir (ÁJ) Ritari.

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir, ritari.

Fjarverandi: Bjarnveig Guðbrandsdóttir í h.s. Guðni Ólafsson

Dagskrá:

- 1. 1209012 - Fundargerðir stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga 7. og 16.ágúst. Sjá**
http://fjordungssamband.is/fundargerdir/stjorn_fjordungssambands/flokkur/81/
Lagt fram til kynningar.
- 2. 1209011 - Félagsmálanefnd fundargerð 9.fundar 20.júní 2012**
Fundargerðin staðfest samhljóða.
- 3. 1208004F - Byggingarnefnd Tálknafjarðarhrepps - 41**
1.tl. tekinn út til afgreiðslu, tekin fyrir deiliskipulagslýsing Norður-Botn í Tálknafirði landnúmer 140294 og 140303.
Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps samþykkir að unnið verði eftir deiliskipulagslýsingunni og staðfestir ákvörðun bygginganefndar að fela byggingafulltrúa að vinna málið skv. 40.gr.skipulagslaga nr. 123/2010. Jafnframt veitir hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps framkvæmdaleyfi til þess að endurnýja lagnir, hefja undirbúningsvinnu við jöfnun lands undir eldisker og koma þeim fyrir.
Hreppsnefnd staðfestir bókun bygginganefndar Tálknafjarðarhrepps varðandi veitingu stöðuleyfis til eins árs meðan unnið er að skipulagsmálum.
Samþykkt samhljóða.
2-3.tl. staðfestir samhljóða.
- 4. 1208008F - Skólanefnd Tálknafjarðarhrepps - 69**
Fundargerðin staðfest samhljóða.
- 5. 1208011F - Húsnæðisnefnd - 18**
Fundargerðin staðfest samhljóða.
- 6. 1209003F - Hafnarstjórn Tálknafjarðarhrepps - 4**
Fundargerðin tl.1.-14. staðfest samhljóða. 15.tl. tekinn út til afgreiðslu, breytingar á varastjórn:2. varamaður Bjarni Jónsson, 3.varamaður Ásgeir Jónsson.
Samþykkt samhljóða.

7. 1209002F - Byggingarnefnd Tálknafjarðarhrepps - 42

Taka 1.tl. út til afgreiðslu :

Tekin fyrir endurbætt útgáfa af aðalskipulagsbreytingunni dagsett 1/9 2012 unna af Landmótun. Breytingarnar voru gerðar með tilliti til ábendinga Skipulagsstofnunar. Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps samþykkir tillöguna og leggur til að hún verði auglýst skv. 31. grein skipulagslaga nr. 123/2010.

Fundargerðin staðfest samhljóða.

8. 1209003 - Stofnun Ungmennaráðs Tálknafjarðarhrepps

Fyrir fundinum liggur tillaga um stofnun ungmennaráðs frá Krístrúnu Marinósdóttur og Sigríði Etnu Marinósdóttur og er þeim þakkaður áhugi og framtak. Hreppsnefnd samþykkir að stofna ungmennaráð skv. 11. grein æskulýðslaga nr. 70/ 2007. Samþykkt samhljóða.

9. 1209004 - Félagsmiðstöðin Tunglið, starfsemi næsta vetrar.

Lagt er til að starfsemi Félagsmiðstöðvarinnar Tunglsins verði flutt í innri enda Vindheima og framkvæmd verði grenndarkynning hjá íbúum í Túngötu 13-19, Túngötu 22-28 og Ystu Tungu. Jafnframt verði Hvammur auglýstur til sölu.

Samþykkir: BB,EIS,BSH og GÓ, á móti ÁJ.

10. 1209010 - Fundir sveitarstjórna með fjárlaganefnd Alþingis haustið 2012

Oddvita falið að bóka fund með fjárlaganefnd.

Samþykkt samhljóða.

11. 1207037 - Hættumat vegna ofanflóða fyrir Tálknafjörð

Fyrir fundinum liggur svar umhverfisráðuneytisins við erindi Tálknafjarðarhrepps varðandi frumathugun ofanflóðavarna á Tálknafirði. Samþykkt var að heimila að frumathugunin færi fram. Ráðgjafar verða fengnir til verksins.

Lagt fram til kynningar.

12. 1208050 - Jafnréttisstofa - Beiðni um afh á skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála.

Skv. tölvupósti frá félagsmálastjóra er skýrslan í vinnslu.

Lagt fram til kynningar.

13. 1208039 - Kjörbréf vegna Fjórðungspings 5 og 6 október 2012

Fulltrúar Tálknafjarðarhrepps á 57. Fjórðungsping verða: Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Birna Benediktsdóttir og Bjarnveig Guðbrandsdóttir. Til vara: Ásgeir Jónsson, Björvin Smári Haraldsson og Guðni Ólafsson.

Samþykkt samhljóða.

14. 1208052 - Menningarráð Vestfjarða - Boðun á aðalfund

Fulltrúar á aðalfund verða þeir sömu og á 57. Fjórðungsping.

Samþykkt samhljóða.

15. 1208048 - Náttúrustofa Vestfjarða - Svar við bréfi Ísafjarðarbæjar

Fyrir fundinum liggur bréf frá Umhverfisráðuneyti með drögum að nýjum samningi um Náttúrustofu Vestfjarða og óskað er eftir afstöðu og athugasemdum ef einhverjar eru. Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við drög að nýjum samningi. Samþykkt samhljóða.

Hreppsnefnd óskar eftir fundi með stjórn Náttúrustofu Vestfjarða og fulltrúum rekstrarsveitarfélaga í tengslum við Fjórðungsping, sem haldið verður á Bíldudal 5.-6.október nk. Þar verði tekin ákvörðun um skipun stjórnar Náttúrustofu Vestfjarða. Samþykkt samhljóða.

16. 1209005 - Nýtingaráætlun Arnarfjarðar.

Fjórðungssamband Vestfirðinga óskar eftir styrk að fjárhæð kr. 100.000.- til verkefnisins. Samþykkt samhljóða.

17. 1207069 - Vestfjarðavegur (60) milli Bjarkalundar og Melaness í Reykhólahreppi, drög að tillögu að matsáætlun.

Svar oddvita og bæjarstjóra Vesturbyggðar barst hreppsnefnd í tölvupósti 7. ágúst. Samþykkt samhljóða.

18. 0811032 - Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra

Oddviti verður fulltrúi Tálknafjarðarhrepps á ársfundi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2012.

Fjármálaráðstefna sveitarfélaga verður haldinn fimmtudaginn 27. og föstudaginn 28. sept., fulltrúar Tálknafjarðarhrepps verða Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir og Birna Benediktsdóttir.

Stofnfundur samtaka sjávarútvegssveitarfélaga verður 26.september eftir aðalfund Jöfnunarsjóðs. Samþykkt að taka þátt með atkv. BB,EIS,ÁJ og GÓ, á móti BSH. Fulltrúar Tálknafjarðarhrepps á stofnfundinum verða EIS og BB.

Oddviti kynnti kostnað við breytingar sem gerðar hafa verið á húsnæði skólans vegna flutnings leikskólans þangað.

Oddviti kynnti bréfaskipti vegna kostnaðar sem sveitarfélagið varð fyrir þar sem rennibraut passaði ekki við undirstöðurnar, en ekki er komin niðurstaða í málið.

19. 1208051 - Heilbrigðiseftirl Vestfj - Sundlaugin baðvatnssýni

Lagt fram til kynningar.

20. 1208054 - Velferðarvaktin - sveitastjórnir 22. ágúst 2012

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:25.

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____